

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í gamla miðbænum, Borgarnesi, Borgarbyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Breytingin felst í að íbúðum er fjölgað úr 4 í 5 á lóðunum nr. 3 og 5 við Skúlagötu og fækkað úr 4 í 2 á lóðunum nr. 3 og 5 við Brákarsund. Jafnframt er íbúðum fjölgað úr 4 í 8 á lóðinni nr. 1 við Skúlagötu en atvinnuhúsnæði minnkar úr 400 fm í 80 fm.

Ofangreind skipulagsáætlun hefur hlotið meðferð skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 27. júní 2007.

Sigurður Páll Harðarson,
forstöðumaður framkvæmdasviðs Borgarbyggðar.

B-deild – Útgáfud.: 12. júlí 2007